



## Tilkynning til Kauphallar

Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar – september 2015 var afgreiddur í borgarráði í dag fimmtudaginn 27. nóvember.

Rekstrarniðurstaða samstæðu Reykjavíkurborgar, A og B hluta, var neikvæð um 2.426 mkr en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 6.297 mkr. Rekstrarniðurstaðan er því 8.723 mkr lakari en gert var ráð fyrir. Helstu ástæður má rekja annars vegar til minni hagnaðar Orkuveitu Reykjavíkur vegna gjaldfærslu gangvirðisbreytinga innbyggðra afleiða í raforkusamningum vegna lækkandi álverðs og hins vegar til lakari afkomu A hluta heldur en áætlun gerði ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 5.959 mkr sem er 7.703 mkr lakari niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir. Heildareignir samstæðunnar samkvæmt samanteknum efnahagsreikningi námu í lok tímabils samtals 514.757 mkr, heildarskuldir ásamt skuldbindingum voru 298.686 mkr og eigið fé nam 216.071 mkr en þar af nam hlutdeild meðeigenda 11.893 mkr. Eiginfjárlutfall samstæðunnar er 42,0% en var 43,1% um síðustu áramót.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð um 8.493 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði jákvæð um 287 mkr á tímabilinu og er niðurstaðan því lakari en gert var ráð fyrir, sem nemur 8.780 mkr. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var neikvæð um 7.699 mkr en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 836 mkr eða 8.535 mkr lakari en áætlun gerði ráð fyrir. Lakari rekstrarniðurstaða skýrist að langstærstum hluta af gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga að fjárhæð 10.010 mkr eða 8.277 mkr. umfram áætlun. Rekstrarniðurstaða án gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar var jákvæð um 1.517 mkr sem er 503 mkr. lakari niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir.

Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar byggir á uppfærðu mati á gjaldfærslu fyrir árið 2015. Þar er lagt mat á áhrif launa-, verðlags- og vaxtaþátta og að auki er gert ráð fyrir að við uppgjör lífeyrissjóða fyrir árið 2015 verði notaðar breyttar forsendur um lífslíkur sem leiða til hækkunar gjaldfærslu.

Rekstur Reykjavíkurborgar skiptist í A-hluta og B-hluta. Til A-hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Um er að ræða Aðalsjóð, þ.e. rekstur fagsviða, Eignasjóð og Bílastæðasjóð. Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu borgarinnar, en rekstur þeirra er að stofni til fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtækin eru: Faxaflóahafnir sf., Félagsbústaðir hf., Ípróttu- og sýningahöllin hf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs. og Strætó bs, auk Aflvaka hf og Jörundar ehf.

Reykjavík, 26. nóvember 2015.

Nánari upplýsingar veitir  
Birgir Björn Sigurjónsson fjármálastjóri Reykjavíkurborgar sími 693-9321.